

Alþingi
Erindi nr. P 133/1432
komudagur 5.3.2007

Umsögn Hagþenkis um frumvarp til laga um Bókmenntasjóð og fleira(Þskj. 776)

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna hefur fengið til umsagnar frumvarp menntamálaráðherra um Bókmenntasjóð. Í frumvarpinu er stuðningi við bókmenntir öðrum en beinum stuðningi við höfunda í gegnum Listamannalaun og Launasjóð fræðiritahöfunda fundinn nýr farvegur með sameiningu þriggja sjóða. Í frumvarpinu er á hinn bóginn ekki gert ráð fyrir því að fjármagn til þessa stuðnings aukist. Meginathugasemd félagsins við frumvarpið hlýtur að lúta að þessu. **Ef ná á markmiðum frumvarpsins verður að koma til aukið fjármagn til hins nýja Bókmenntasjóðs.**

Athugasemdir um einstakar greinar.

2.gr

Í 2.gr frumvarpsins segir:

Hlutverk bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Hlutverk sitt rækir sjóðurinn með því að:

„a. styrkja útgáfu frumsaminnna íslenskra skáldverka og vandaðra rita sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu“

Í þessu felst breyting frá hlutverki núverandi Menningarsjóðs sem ekki hefur styrkt útgáfu skáldverka. Ef ekki verður varið auknu fjármagni til útgáfustyrkja má því gera ráð fyrir að stuðningur við útgáfu skáldverka verði á kostnað stuðnings við fræðirit af ýmsu tagi sem hingað til hafa notið styrkja úr Menningarsjóði. Þetta er að mati félagsins óheppilegt þar eð útgáfa fræðirita er alla jafna mun dýrari og erfiðari en útgáfa skáldverka. Hingað til hefur ríkt skilningur á þessu og það er von félagsins að svo verði áfram.

Stuðningur við höfunda skáldverka er miklu meiri á öðrum sviðum en við höfunda fræðirita og því skýtur skökku við að færa hluta þess takmarkaða fjármagns sem fer í útgáfustyrki til með þessum hætti.

4. gr.

Í fjórðu grein er lagt til að teknar verði upp greiðslur til erlendra höfunda fyrir notkun á verkum þeirra á íslenskum bókasöfnum. Þetta er rökstutt með því að þarna sé brugðist við athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA. Hagþenkir tekur undir þau sjónarmið sem birtast í umsögn Rithöfundasambands Íslands um þessa grein.

Það hefur verið sameiginleg afstaða norrænna rithöfundasamtaka að greiðslur fyrir notkun bóka á bókasöfnum séu ekki höfundaréttargreiðslur heldur stuðningur við bókmenntir á viðkomandi málsvæði. Alls óvíst er að breyting þessi sé nauðsynleg vegna reglna EES svæðisins og það er fullkomlega óþarft að íslenska ríkið hafi frumkvæði að því að láta undan þrýstingi af þessu tagi.

Greiðslur úr Bókasafnssjóði höfunda eru hluti af menningarstefnu íslenska ríkisins, tilgangur þeirra hefur verið sá að styrkja íslenskar bókmenntir. Með því að breyta þessu markmiði sjóðsins og taka upp greiðslur til erlendra höfunda er ekki einungis verið að rýra þann styrk sem þó rennur til íslenskra höfunda vegna bókasafna heldur er einnig rofin samstaða norrænu ríkjanna sem hafa hingað til staðið vörð um þennan þátt í menningarstefnu sinni.

f.h. Hagþenkis,

Jón Yngvi Jóhannsson, framkvæmdastjóri